

Af vettvangi garðfugla

Texti Ólafur Einarsson
Myndir Örn Óskarsson

Uglur heimsækja garða

Garðfuglakönnun Fuglaverndar veturninn 2011–12

Fóðrun garðfugla að vetri er vafalaust áhugamál margra félaga Fuglaverndar. Sumir þeirra bæta við annarri vídd og skrá hjá sér þá fugla sem heimsækja garðinn. Með því að skrá niður þá fugla sem fuglaskoðari sér gefur hann athugunum sínum meira gildi. Þannig er hægt að fylgjast með fuglalífi í görðum og hvernig það þróast milli vetrar, bæði í stökum görðum og í görðum á landsvísu. Þátttaka veturninn 2011–12 var með besta móti. Alls sendu 24 félagar inn niðurstöður og þarf að leita aftur til upphafsára Garðfuglakönnunar til að sjá jafn góða þátttöku. Markið hefur verið að ná a.m.k. 30 þáttakendum. Nú erum við nærri því og vonandi næst það veturninn 2012–13.

Þetta athuganatímabil sáust skógarþrestir í öllum görðum og starar sáust í 23 af 24 görðum (1. tafla). Skógarþrestir eru meiri fastagestir í görðum um allt land en starar og hafa sést hjá öllum athugendum öll athuganatímabil nema þau tvö fyrstu. Snjótittlingar komu oft við og voru meira áberandi en síðustu tvö vetur enda var fyrri hluti vetrar snjóþungur samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands (www.vedur.is).

1. tafla. Tíðni algengustu fuglategunda á athugunarstöðum í Garðfuglakönnun veturninn 2011–12.

Tegund	Garðar	%
Skógarþrostur	24	100
Stari	24	100
Snjótittlingur	22	92
Auðnutittlingur	21	88
Hrafn	26	88
Svartþrostur	19	79
Músarrindill	18	75
Gráþrostur	11	46
Smyrill	11	46
Mariuerla	8	33
Hettusöngvari	7	29
Hrossagaukur	7	29
Brandugla	4	17
Eyrugla	4	17
Glókollur	4	17
Sílamáfur	4	17
Rjúpa	4	17
Púfutittlingur	4	17



Eyrugla (*Asio otus*).

is/vedur/vedurfar/manadayfirlit). Auðnutittlingar og hrafnar voru einnig tóir gestir og skráðir hjá 21 athuganda. Svartþrestir voru áberandi í görðunum eins og undanfarin ár. Músarrindlar heimsóttu 18 (75%) garða þennan vetur og er það svipað og undanfarin tvö ár. Þeir eru hins vegar meira áberandi en fyrr á árum, þegar músarrindlar sáust mest í 55,6% af görðunum veturninn 2003–04. Það gefur til kynna að stofninn sé í góðri stöðu. Smyrlar létu sjá sig í 11 görðum og er

nokkuð síðan að þeir hafa verið skráðir á jafn mörgum stöðum. Samkvæmt niðurstöðum Garðfuglakönnunar ber meira á þessum knáa ránfugli í görðum þegar snjóþungt er. Gráþrestir birtust í 11 görðum og nú ber minna á þeim en svartþröstum eftir að þeir síðar nefndu byrjuðu að verpa á Innnesjum eftir vorgönguna miklu árið 2000. Það er svo ihugunarefni hvers vegna gráþrestir hafa ekki náð hér almennilegri fótfestu með aukinni skógrækt. Hentug búsvæði ætti að vera víða til staðar, ekki



Hettusöngvari (*Sylvia atricapilla*).



Nærð: Johann Óli Hilmarsson

Við óskum
Fuglavernd til hamingju

wildlifeiceland.is

wildlife
ICELAND

bara í skógum heldur einnig á bersvæði þar sem gráþrestir kjósa einnig að búa. Kannski vantar almennilega vorgöngu eins og hjá svartþróstum til þess koma gráþróstum almennilega af stað sem regluglegum varpfugli. Voríð 2012 sáust maríuerlur á óvanalega mörgum stöðum og hafa þær greinilega komið með fyrra fallinu þetta voríð, en sum athugunartímabilin hafa þær ekki sést í görðum athugenda. Maríuerlum virðist reyndar yfirleitt vera að fjölgja og þær finnast líka í varpi víðar en þær gerðu. Má líklega tengja það við hlýindi undanfarinna ára og aukið framboð smádýra í kjölfar þeirra. Uglur hafa ekki áður komist á lista yfir algengustu fugla í Garðfuglakönnun. Pennan veturnar sáust bæði branduglur og eyrugalur í fjórum görðum. Eyrugla hefur einungis verið skráð einu sinni áður, það var fyrsta athuganaveturinn, 1994–95. Hún er nýr varpfugl á Íslandi og hugsanlega hefur eithvað af þeim fuglum sem sáust verið ungar frá sumrinu áður. Ennfremur kom töluvert af eyruglum til landsins um haustið og þeir fuglar hafa vafalaust þvælst um landið. Brandugla hefur oftar sést. Er hún á

lista núu athugunartímabil og er skráð öðru hverju hjá þátttakendum. Það þótti einnig tíðindum sæta að glókollar sást á fjórum stöðum. Stofninn virðist vera í góðri stöðu þegar þeir eru farnir að leita inn í garða. Þar má víða finna vöxtuleg grenitré þar sem ýmis smádýrlifa. Þessi dýr eru helsta fæðuuppsprettu glókollsins.

Nokkrar fleiri tegundir sáust en er ekki getið í 1. töflu og svo voru aðrar sem menn bjuggust við að myndu láta sjá sig en heimsóttu ekki garða. Þar ber helst að geta húsdúfna en þessi veturnar var sá þriðji í röð sem þær komu ekki fram í Garðfuglakönnun.

Frá því að athuganir hófust veturninn 1994–95 hafa verið skráðar 79 tegundir. Tvær nýjar tegundir sáust á athugunartímabilinu, netlusöngvari og sparrhaukur. Páll H. Benediktsson á Hákonarstöðum á Jökuldal sá netlusöngvara og Hrafn Óskarsson sá sparrhauk á Tumastöðum í Fljótshlíð. Aðrir flækingsfuglar, sem sáust, voru þessir: Hettusöngvari, sem er árviss og hefur verið á lista öll árin hjá athugendum. Gransöngvari og silkitoppa birtust á tveimur stöðum.

Flækingsfuglar, sem voru sjaldgæfari og sáust í einum garði, voru eftirtaldir: Bókfinka, fjallafinka, garðsöngvari, glóbrystingur og hringdúfa.

Þetta athugunartímabil sá Hrafn Óskarsson á Tumastöðum flestar fuglategundir (22), næstur honum var Bjarni Bergmann sem býr í nágrenni Sandgerðis og sá hann 21 tegund. Að þessu sinni voru frekar margar tegundir skráðar í görðum þátttakenda og var meðaltalið 10,3. Þetta er þriðji veturninn í röð sem meðaltalið nær yfir 10 en meðaltalið er yfirleitt aðeins neðan við það.

Kærar þakkir til þeirra félaga sem sendu inn talningar sínar og nú sem fyrr eru aðrir félagar hvattir til þess að taka þátt í Garðfuglakönnun. Hún er einföld í sniðum, að lágmarki þurfa athugendur fylgjast með athugunastaðnum hluta úr degi í hverri viku frá byrjun nóvember til apríloka. Þátttakendur eru hvattir til þess að senda inn niðurstöður nýliðins vetrar sem fyrst og eldri gögn ef einhver lumar á þeim. Niðurstöður á að senda á netfangið gardfugl@gmail.com eða í pósti merkt: Fuglavernd, Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík.